

Mánudaginn 21. nóvember 1988.

Nr. 372/1988. Ákærvaldið

gegn

Sólrúnu Elíðóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru er hann lýsti fyrir hér-aðsdómara þegar eftir uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðarins hinn 15. nóvember sl. Gögn málsins bárust Hæstarétti sama dag.

Skilja verður kæru varnaraðila þannig, að hann krefjist þess, að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skirskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. nóvember 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 15. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur gert þá kröfu að Sólrúnu Elíðóttur, sem í dag hefur verið dæmd í sakadómi Reykjavíkur til 3½ árs fangelsisvistar fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram til uppsögu fullnaðardóms í málinu, þó eigi lengur en til 1. maí 1989. Krafan er reist á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Málavextir:

Dómfellda hefur í dag með dómi sakadóms Reykjavíkur verið dæmd í 3½ árs fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ríkissaksóknari hefur með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974

gert þá kröfu að dómfellda sæti áfram gæsluvarðhaldi, ef málinu verði áfrýjað.

Með skírskotun til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974 þykir rétt að taka framangreinda kröfu ákæruvaldsins til greina og er dómfelldu gert að sæta gæsluvarðahaldi til uppkvaðningar fullnaðardóms í málinu, þó eigi lengur en til 1. maí 1989.

Úrskurðarorð:

Dómfellda, Sólrún Elidóttir, sæti gæsluvarðhaldi til uppsögu fullnaðardóms í máli þessu, þó eigi lengur en til 1. maí 1989.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1988.

Nr. 367/1988. Ásgeir Sigurðsson

gegn

skiptaráðandanum í Reykjavík

Kærumál. Skipti. Réttarneitun. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með kæru 17. október sl. skotið til Hæstaréttar ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur frá 3. s.m. um að synja kröfu hans um skipti eða endurupptöku skiptameðferðar á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar. Kærana byggir hann á því að ákvörðunin sé réttarneitun. Hann gerir þá kröfu að ákvörðuninni verði hrundið og lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka dánarbúið til skiptameðferðar.

Ragnar Hall, skiptaráðandi, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar skv. 27. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Engar kröfur eru gerðar af hálfu skiptaráðanda.